

2011:17 • 8. desember 2011

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2011


Quarterly government accounts, 3rd quarter 2011

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 19 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2011 eða sem nemur 4,6% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins. Það er heldur hagstæðari niðurstaða en árið 2010 er hún var 5,2% af landsframleiðslu. Fyrstu níu mánuði ársins reyndist tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 56 milljarða króna eða 4,7% af landsframleiðslu þessa tímabils, en til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 68 milljarða króna á sama tíma 2010 eða 5,9% af landsframleiðslu.

Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungsins¹

Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP¹



¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki með talin í heildargjöldum og sömuleiðis 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. Quarter due to called guarantees.

Tekjur hins opinbera námu rúmlega 502 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við um 475 milljarða króna árið áður og er hækkunin milli ára 27 milljarðar króna eða 5,7%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 42,2%. Mest er hækkunin í tekjusköttum sem skiluðu 22 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en árið áður. Þá skiluðu vöru- og þjónustuskattar 3,9 milljörðum króna meiri tekjum og tryggingagjöldin 3,7 milljörðum króna meiri tekjum. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — skiluðu hins vegar um 4 milljarða króna minni tekjum.

Útgjöld hins opinbera reyndust 558 milljarðar króna á sama tíma eða sem svarar til 46,9% af landsframleiðslu tímabilsins og hækkuðu um 2,8% milli ára. Stærstu




útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru um 174 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á vöru og þjónustu 144 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila ríflega 100 milljarðar króna; samtals hækka þessir liðir um 5,7% milli tímabila. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði um 61 milljarður króna fyrstu níu mánuði ársins og opinber fjárfesting 27 milljarðar króna (lækki um 20%). Aðrir útgjaldaliðir hafa staðið í stað eða hækkað lítillega í krónum talið.

Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 723 milljarða króna í lok 3. ársfjórðungs 2011 eða 44,6% af landsframleiðslu samanborið við 36,9% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2010. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.768 milljörðum króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem nam 109,2% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 1.676 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi 2010 eða sem svarar 109,0% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).

Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF

Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP



Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera námu ríflega 176 milljörðum króna á 3. ársfjórðungi og 502 milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 176,4 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2011 samanborið við 165,4 milljarða króna á sama tíma 2010 og er hækkunin 6,7%. Fyrstu 9 mánuði ársins námu tekjur hins opinbera 502 milljörðum króna samanborið við 475 milljarða króna árið áður og nemur hækkunin milli ára 27 milljörðum króna eða 5,7%. Sem hlutfall af landsframleiðslu tímabilsins námu tekjurnar 42,2%. Mest er hækkunin í tekju-sköttum sem skiluðu 22 milljörðum króna meiri tekjum á tímabilinu en árið áður. Þá skiluðu vöru- og þjónustuskattar 3,9 milljörðum króna meiri tekjum og tryggingagjöldin 3,7 milljörðum króna meiri tekjum. Aðrar tekjur — aðallega vaxtatekjur og sala á vöru og þjónustu — skiluðu hins vegar um 4 milljarða króna minni tekjum eins og sjá má í töflu 5.

... útgjöldin urðu hins vegar 195 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi og um 558 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Á þriðja ársfjórðungi 2011 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði rúmlega 195 milljarðar króna, samanborið við um 186 milljarða króna árið 2010 og er hækkunin 5,1% milli ára. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2011 námu útgjöld hins opinbera 558 milljörðum króna eða sem svarar til 46,9% af landsframleiðslu tímabilsins og hækkuðu um 2,8% frá sama tíma árið 2010. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem áætluð eru 174 milljarðar króna á tímabilinu, kaup á

vöru og þjónustu 144 milljarðar króna og félagslegar tilfærslur til heimila ríflega 100 milljarðar króna; samtals hækka þessir liðir um 5,7% milli tímabilanna. Þá er áætlað að vaxtagjöld hins opinbera verði um 61 milljarður króna fyrstu 9 mánuði ársins og opinber fjárfesting 27 milljarðar króna (lækki um 20%). Aðrir útgjalda-liðir hafa staðið í stað eða hækkað lítillega í krónum talið.

Tekjuhalli hins opinbera var 18,7 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2011 og um 56 milljarðar króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 18,7 milljarða króna á 3. ársfjórðungi 2011 eða sem nemur 4,6% áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins og 10,6% af tekjum hins opinbera. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 20,4 milljarða króna á sama tíma 2010. Fyrstu níu mánuði ársins 2011 varð tekjuhalli hins opinbera um 56 milljarðar króna eða sem svarar 4,7% af landsframleiðslu þessa tímabils, en til samanburðar var tekjuhallinn 68 milljarðar króna á sama tíma 2010, 5,9% af landsframleiðslu tímabilsins (sjá töflu 1).

Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 1. General government finances in 3rd quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna <i>Figures in billion ISK</i>	2010 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	2011 3. ársfj. <i>3rd quart.</i>	Breyting % <i>Change %</i>	2010 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	2011 1.–3. ársfj. <i>1–3 quart.</i>	Breyting % <i>Change %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	165,4	176,4	6,7	475,1	502,1	5,7
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	185,8	195,3	5,1	543,0	558,1	2,8
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	14,3	11,4	-20,6	33,9	27,1	-20,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-20,4	-18,9	•	-67,9	-56,1	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-12,3	-10,7	•	-14,3	-11,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹ <i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-5,2	-4,6	•	-5,9	-4,7	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Ríkissjóður

Tekjuhalli ríkissjóðs var um 20 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi, eða um 5% af landsframleiðslu ársfjórðungsins

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs hafi verið 128,5 milljarðar króna á 3. ársfjórðungi 2011 og heildarútgjöld 148,4 milljarðar króna. Tekjuafkoma ríkissjóðs er því neikvæður um 20 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 4,9% af áætlaðri landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs hækkað um 4,1% frá sama tíma 2010 og útgjöldin um 5,6%. Á tekjuhliðinni hækkuðu skatttekjur og tryggingagjöld um 7 milljarða króna milli 3. ársfjórðungs 2010 og 2011, en aðrar tekjur lækkuðu hins vegar um 2 milljarða króna. Á gjaldahlið hækkuðu fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga rúmlega 6 milljarða króna, samneysluútgjöld um 2,6 milljarða og félagslegar tilfærslur til heimila um 1,9 milljarða króna. Fjárfestingin dróst hins vegar saman um 2,3 milljarða króna.

Tekjur ríkissjóðs námu um 366 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins 2011 en 351 milljarði króna á sama tíma 2010 og nemur hækkunin 4,2% milli ára. Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði 318,5 milljörðum króna, eða rúmlega 87% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 141,7 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 107,9 milljörðum króna og tryggingagjöldin 50,5 milljörðum króna eða samtals 300 milljörðum króna.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2011 námu útgjöld ríkissjóðs um 419 milljörðum króna samanbórið við rúmlega 413 milljarða króna á sama tíma 2010. Fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga eru umfangsmesti útgjaldaliður ríkissjóðs en þau námu ríflega 131 milljarði króna á þessu tímabili. Launaútgjöld hans námu um 90 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu ríflega 71 milljarði króna og vaxta-gjöld 55 milljörðum króna. Hækkunin milli umræddra tímabila skýrist fyrst og fremst af 11 milljarða króna hækkun í tilfærsluútgjöldum en á móti vóg ríflega 5 milljarða króna lækkun í fjárfestingaútgjöldum.

Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 3. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 2. Central government finances in 3rd quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna	2010	2011	Breyting	2010	2011	Breyting
Figures in billion ISK	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	3rd quart.	3rd quart.	Change %	1–3 quart.	1–3 quart.	Change %
1. Heildartekjur Revenue	123,4	128,5	4,1	350,9	365,6	4,2
2. Heildarútgjöld Expenditure	140,6	148,4	5,6	413,1	419,0	1,4
2.1 Fjárfesting Investment	8,0	5,7	-29,0	17,7	12,5	-29,4
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
Financial bal. (3 = 1 - 2)	-17,2	-19,9	•	-62,2	-53,4	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
Fin. bal. % of revenue	-13,9	-15,5	•	-17,7	-14,6	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
Financial bal. % of GDP ¹	-4,4	-4,9	•	-5,4	-4,5	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. Financial balance % of GDP in corresponding period.

Tekjuafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 53,4 milljarða króna á fyrstu 9 mánuðum ársins eða sem nemur 4,5% af landsframleiðslu tímabilsins. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um rúmlega 62 milljarða króna á sama tíma 2010 eða 5,4% af landsframleiðslu.

Sveitarfélög

Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,6 milljarða króna á 3. ársfjórðungi en neikvæð um 4,4 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins

Heildartekjur sveitarfélaganna á 3. ársfjórðungi 2011 eru áætlaðar 54,4 milljarðar króna og heildarútgjöld 55 milljarðar króna. Tekjuafkoma þess ársfjórðungs er því neikvæð um 0,6 milljarða króna, eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Þetta er mun hagstæðari niðurstaða og á sama tíma 2010 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 3,4 milljarða króna eða 0,9% af landsframleiðslu. Tekjur sveitarfélaga hafa hækkað um 12,6% frá sama tíma í fyrra og útgjöld þeirra um 6,3%. Fjárfesting sveitarfélaganna hefur þó dregist saman um 10% milli þessara tímabila. Önnur útgjöld sveitarfélaga hækka hins vegar eða um 8,6%.

Tekjur sveitarfélaga fyrstu 9 mánuði ársins námu um 156 milljörðum króna samanbórið við um 144 milljarða króna 2010 og er hækkunin 8% milli ára. Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum um 92 milljörðum króna á þessu tímabili eða 59% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 22,6 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði um 15,7 milljörðum og aðrar tekjur 25,5 milljörðum króna.

Heildarútgjöld sveitarfélaganna námu 160 milljörðum króna á fyrstu 9 mánuðum ársins og hækkuðu því um 4,3% frá sama tíma 2010. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 44,7% útgjaldanna, en 71,6 milljarðar króna voru greiddar í laun á umræddu tímabili og hækkuð þau um 5,6% milli ára. Kaup á vöru og þjónustu námu 49,5 milljörðum króna og hækkuðu um ríflega 7% milli

ára. Fjárfesting sveitarfélaganna dróst hins vegar saman milli þessara tímabila en hún er áætluð 14,5 milljarðar króna fyrstu 9 mánuði ársins samanborið við rúmlega 16 milljarða króna 2010.

Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 3. ársfjórðungi 2010 og 2011

Table 3. Local government finances in 3rd quarter 2010 and 2011

Fjárhæðir í milljörðum króna	2010	2011	Breyting	2010	2011	Breyting
<i>Figures in billion ISK</i>	3. ársfj.	3. ársfj.	%	1.–3. ársfj.	1.–3. ársfj.	%
	<i>3rd quart.</i>	<i>3rd quart.</i>	<i>Change %</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>1–3 quart.</i>	<i>Change %</i>
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	48,3	54,4	12,6	144,1	155,7	8,0
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	51,7	55,0	6,3	153,6	160,1	4,3
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	6,3	5,7	-10,0	16,1	14,5	-10,0
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)						
<i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-3,4	-0,6	•	-9,9	-4,4	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum						
<i>Fin. bal. % of revenue</i>	-7,0	-1,1	•	-6,9	-2,8	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF ¹						
<i>Financial bal. % of GDP¹</i>	-0,9	-0,1	•	-0,9	-0,4	•

¹ Tekjujöfnuður % af VLF viðkomandi tímabils. *Financial balance % of GDP in corresponding period.*

Tekjuafkoman er verulega hagstæðari á fyrstu níu mánuði ársins en árið á undan, en tekjuhallinn nam 4,4 milljörðum króna, eða 0,4% af landsframleiðslu tímabilsins. Fyrstu níu mánuði 2010 var tekjuhallinn 9,9 milljarðar króna eða 0,9% af landsframleiðslu.

Gagna- og aðferðalýsing

Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem nær til um tveggja þriðju hluta íbúafjöldans, og er það uppfært til heildar. Þá er stust við útsvarsgreiðslur til sveitarfélaganna og staðgreiðsluskil þeirra í ríkisskattstjóra. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta byggt á fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn, eða sem nemur þeim mun.

English summary

In the 3rd quarter of 2011, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 19 billion ISK in deficit or 4.6% of the GDP in that quarter and 10.6% of general government total revenue. This can be compared with a deficit of 5.2% of GDP in the 3rd quarter of 2010. In the first nine months of 2011, the financial balance of the general government was 56 billion ISK in deficit or 4.7% of GDP, which can be compared with a deficit of 5.9% of GDP for the same period in 2010 (see Figure 1)

The general government total revenue was 502 billion ISK in the first nine months of 2011 compared with 475 billion ISK in same period in 2010. The increase is 27 billion ISK or 5.7%. The total revenue amounted to 42.2% of the GDP in that period. The increase is mostly in income taxes, which gave 22 billion ISK more revenue than in the first nine months of 2010, and in taxes on goods and services and social contributions, which gave 3.9 and 3.7 billion ISK more revenue, respectively. Other revenue – mostly interest revenue and sale of services – decreased on the other hand by 4 billion ISK in this period in 2011 compared with 2010.

The general government total expenditure amounted to 558 billion ISK in the first nine months of 2011 or to 46.9% of GDP in that period and has increased by 2.7% from same period in 2010. The general government largest expenditure categories are compensation of employees (174 billion ISK), purchase of goods and services (144 billion ISK), social benefits (100 billion ISK) and interest expenditure (61 billion ISK), which decreased by 2.5% in the first 9 months from the same period in 2010. Acquisition of nonfinancial assets was 27 billion ISK and decreased by 20% between 2010 and 2011. Other expenditure categories than interest and investment were unchanged or increased slightly.

The central government total liabilities at the end of the 3rd quarter 2011 amounted to 1,768 billion ISK or 109.2% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 723 billion ISK or 44.6% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 36.9% of the GDP in the same period in 2010 and 29.5% in 2009. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 155 billion ISK between the 3rd quarters 2010 and 2011.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2011*Table 4. Quarterly Government Finances 2008–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – thereof <i>investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Hið opinbera <i>The General Government</i>						
2008	653,6	853,7	66,0	-200,2	-30,6	-13,5
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	167,8	148,6	13,6	19,2	11,4	1,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	162,9	163,4	20,1	-0,6	-0,4	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	160,9	173,4	19,4	-12,5	-7,8	-0,8
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> ¹	162,0	368,3	12,9	-206,3	-127,3	-13,9
2009	614,3	763,3	52,6	-149,0	-24,3	-10,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	149,1	175,5	9,3	-26,4	-17,7	-1,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	147,2	188,9	14,2	-41,7	-28,3	-2,8
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	155,2	193,0	18,4	-37,8	-24,3	-2,5
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,8	205,9	10,8	-43,2	-26,5	-2,9
2010	637,3	791,9	44,7	-154,6	-24,3	-10,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	153,7	175,0	8,5	-21,3	-13,9	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	156,1	182,3	11,0	-26,2	-16,8	-1,7
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	165,4	185,8	14,3	-20,4	-12,3	-1,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	162,2	248,9	10,8	-86,7	-53,4	-5,7
2011	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	160,0	175,8	6,8	-15,8	-9,9	-1,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	165,7	187,0	8,9	-21,3	-12,9	-1,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	176,4	195,3	11,4	-18,9	-10,7	-1,2
Ríkissjóður <i>The Central Government</i>						
2008	476,9	668,6	30,8	-191,7	-40,2	-12,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	122,7	104,3	4,4	18,4	15,0	1,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	117,8	114,7	10,0	3,1	2,6	0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	118,5	127,2	9,9	-8,7	-7,3	-0,6
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i> ¹	117,9	322,4	6,6	-204,5	-173,4	-13,8
2009	447,4	571,1	31,4	-123,6	-27,6	-8,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	107,0	128,4	3,8	-21,4	-20,0	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	105,2	137,9	8,0	-32,7	-31,1	-2,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	113,7	146,1	12,6	-32,3	-28,4	-2,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	121,5	158,7	7,0	-37,2	-30,6	-2,5
2010	470,8	614,4	23,5	-143,6	-30,5	-9,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	112,0	133,9	3,9	-21,9	-19,6	-1,4
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	115,4	138,6	5,8	-23,2	-20,1	-1,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	123,4	140,6	8,0	-17,2	-13,9	-1,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	119,9	201,3	5,7	-81,4	-67,9	-5,3
2011	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	117,5	130,9	2,6	-13,4	-11,4	-0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	119,5	139,6	4,2	-20,1	-16,8	-1,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	128,5	148,4	5,7	-19,9	-15,5	-1,2

¹ 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2011 (frh.)
 Table 4. Quarterly Government Finances 2008–2011 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i>	Heildar- útgjöld <i>Total expenditure</i>	– þar af fjárfesting – <i>thereof investment</i>	Tekju- jöfnuður <i>Financial balance</i>	Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i>	Tekju- jöfnuður, hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
Sveitarfélög The Local Governments						
2008	193,4	206,3	35,1	-12,9	-6,7	-0,9
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	49,1	50,3	9,1	-1,2	-2,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	49,0	53,7	10,2	-4,7	-9,5	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	46,7	51,0	9,5	-4,2	-9,0	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	48,5	51,3	6,3	-2,8	-5,7	-0,2
2009	189,3	204,2	21,2	-15,0	-7,9	-1,0
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,0	50,4	5,5	-3,4	-7,1	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,3	53,0	6,1	-5,7	-12,0	-0,4
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	47,5	50,3	5,7	-2,8	-5,8	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	47,4	50,6	3,8	-3,2	-6,7	-0,2
2010	192,6	205,5	21,2	-12,9	-6,7	-0,8
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	47,7	49,4	4,6	-1,7	-3,5	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	47,2	52,1	5,2	-4,8	-10,2	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	48,6	52,0	6,3	-3,4	-7,0	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	49,0	52,0	5,1	-3,0	-6,1	-0,2
2011	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	48,5	51,2	4,1	-2,6	-5,5	-0,2
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	52,8	54,0	4,7	-1,2	-2,2	-0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	54,4	55,0	5,7	-0,6	-1,1	0,0
Almannatryggingar The Social Security Funds						
2008	113,2	108,8	0,0	4,4	3,9	0,3
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	23,9	21,9	0,0	2,0	8,4	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	26,4	25,4	0,0	1,0	3,8	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	30,8	30,4	0,0	0,4	1,2	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	32,0	31,0	0,0	1,0	3,1	0,1
2009	133,6	144,1	0,1	-10,4	-7,8	-0,7
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	31,4	33,7	0,0	-2,2	-7,0	-0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	33,8	37,4	0,0	-3,6	-10,5	-0,2
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	32,1	34,4	0,0	-2,3	-7,2	-0,2
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	36,3	38,6	0,0	-2,3	-6,5	-0,2
2010	142,9	141,0	0,0	2,0	1,4	0,1
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	36,0	34,4	0,0	1,5	4,3	0,1
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	36,0	34,1	0,0	1,9	5,3	0,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,9	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	35,9	37,8	0,0	-1,8	-5,0	-0,1
2011	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	35,0	34,7	0,0	0,3	0,8	0,0
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	37,0	37,1	0,0	-0,1	-0,3	0,0
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	41,0	39,4	0,0	1,6	3,8	0,1

Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2011*Table 5. Quarterly General Government Revenue and Expenditure 2010–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010					2011		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	637,3	153,7	156,1	165,4	162,2	160,0	165,7	176,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	474,1	116,3	115,7	123,7	118,4	121,7	125,8	135,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	239,7	58,8	58,9	60,1	61,9	61,7	68,0	70,1
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	2,8	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,8
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	35,5	8,9	8,8	8,7	9,0	9,0	8,8	8,7
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	184,2	45,0	44,2	50,6	44,4	46,9	45,1	51,8
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	6,0	1,4	1,4	1,7	1,4	1,8	1,4	1,6
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	6,0	1,4	1,7	1,9	0,9	1,6	1,8	2,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	63,6	14,3	15,8	16,8	16,7	16,2	16,3	18,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2,4	0,5	0,6	0,7	0,7	0,6	0,7	0,8
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	97,2	22,6	24,0	24,2	26,4	21,5	22,9	22,5
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	791,9	175,0	182,3	185,8	248,9	175,8	187,0	195,3
21 Laun <i>Wages</i>	227,1	55,0	58,1	57,1	56,9	54,3	59,5	60,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	186,9	44,8	47,6	44,2	50,3	47,1	49,3	47,6
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	33,6	8,3	8,4	8,5	8,5	8,4	8,5	8,7
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	84,8	20,0	19,4	22,8	22,5	19,5	18,9	22,3
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	27,5	7,2	7,1	6,1	7,2	7,0	7,0	6,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	4,9	0,9	1,3	1,1	1,6	1,0	1,5	1,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	120,6	29,6	28,8	30,7	31,5	31,1	33,0	36,3
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	95,4	9,0	9,0	9,3	68,1	8,9	8,9	9,3
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	44,7	8,5	11,0	14,3	10,8	6,8	8,9	11,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-33,6	-8,3	-8,4	-8,5	-8,5	-8,4	-8,5	-8,7
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-154,6	-21,3	-26,2	-20,4	-86,7	-15,8	-21,3	-18,9
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-24,3	-13,9	-16,8	-12,3	-53,4	-9,9	-12,9	-10,7
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-10,1	-1,4	-1,7	-1,3	-5,7	-1,0	-1,3	-1,2
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	41,5	10,0	10,2	10,8	10,6	9,9	10,3	10,9
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	51,5	11,4	11,9	12,1	16,2	10,9	11,6	12,1

Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2011
Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2010–2011

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2010					2011		
	Alls Total	Ársfjórðungar Quarters						
		I	II	III	IV	I	II	III
1 Heildartekjur Total revenue	470,8	112,0	115,4	123,4	119,9	117,5	119,5	128,5
11 Skatttekjur Taxes	336,1	82,1	82,5	88,2	83,3	86,9	87,2	93,8
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	132,9	32,4	33,6	32,5	34,4	34,4	37,0	36,4
112 Skattar á laun Taxes on payroll	2,8	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7	0,8
113 Eignarskattar Property taxes	7,0	1,8	1,7	1,6	1,9	2,1	1,9	1,8
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	181,4	44,3	43,4	49,7	44,0	46,3	44,4	51,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	6,0	1,4	1,4	1,7	1,4	1,8	1,4	1,6
116 Aðrir skattar Other taxes	6,0	1,4	1,7	1,9	0,9	1,6	1,8	2,0
12 Tryggingagjöld Social contributions	63,6	14,3	15,8	16,8	16,7	16,2	16,3	18,0
13 Fjárframlög Grants	8,3	1,8	2,0	2,2	2,3	2,0	2,2	2,4
14 Aðrar tekjur Other revenue	62,8	13,7	15,2	16,3	17,6	12,4	13,8	14,3
2 Heildarútgjöld Total expenditure	614,4	133,9	138,6	140,6	201,3	130,9	139,6	148,4
21 Laun Wages	120,4	29,2	30,7	30,2	30,2	28,2	30,9	30,9
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	93,4	22,4	24,1	22,5	24,4	22,7	24,3	24,2
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	24,6	6,0	6,1	6,2	6,2	6,2	6,3	6,4
24 Vaxtagjöld Interest	77,6	18,2	17,6	21,0	20,7	17,6	17,0	20,3
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	24,0	6,3	6,2	5,2	6,3	6,1	6,1	5,9
26 Fjárframlög Grants	167,5	42,2	42,2	41,0	42,1	40,5	43,5	47,1
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	22,4	5,1	5,4	5,7	6,2	6,9	7,2	7,5
28 Önnur útgjöld Other expenditure	85,7	6,6	6,5	6,9	65,7	6,4	6,3	6,7
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	23,5	3,9	5,8	8,0	5,7	2,6	4,2	5,7
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-24,6	-6,0	-6,1	-6,2	-6,2	-6,2	-6,3	-6,4
Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)	-143,6	-21,9	-23,2	-17,2	-81,4	-13,4	-20,1	-19,9
Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue	-30,5	-19,6	-20,1	-13,9	-67,9	-11,4	-16,8	-15,5
Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP	-9,3	-1,4	-1,5	-1,1	-5,3	-0,8	-1,2	-1,2
Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP	30,6	7,3	7,5	8,0	7,8	7,3	7,4	8,0
Heildargjöld % af VLF Total expenditure % of GDP	40,0	8,7	9,0	9,1	13,1	8,1	8,6	9,2

Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2010–2011*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2010–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010					2011		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	192,6	47,8	48,1	48,3	48,4	48,5	52,8	54,4
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	138,0	34,4	34,4	34,9	34,0	34,7	38,5	41,2
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	106,8	26,4	25,3	27,6	27,5	27,3	31,0	33,7
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	28,4	7,1	7,1	7,1	7,1	6,9	6,9	6,9
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	2,8	0,7	0,8	0,8	0,4	0,6	0,7	0,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	21,4	5,0	5,5	5,5	5,4	5,0	5,5	5,3
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	33,2	8,5	8,5	7,6	8,5	8,8	8,8	7,9
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	205,6	49,2	52,7	51,7	52,0	51,2	54,0	55,0
21 Laun <i>Wages</i>	90,4	21,8	23,2	22,8	22,6	22,2	24,3	25,1
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	62,6	15,2	15,9	15,1	16,5	16,7	16,8	16,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	9,0	2,2	2,2	2,3	2,3	2,2	2,2	2,3
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	7,2	1,8	1,8	1,8	1,8	1,9	1,9	1,9
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	3,2	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8	0,8
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	1,0	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	10,3	2,6	2,6	2,6	2,6	2,7	2,7	2,7
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	9,5	2,4	2,4	2,4	2,4	2,5	2,5	2,5
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	21,2	4,6	5,2	6,3	5,1	4,1	4,7	5,7
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	-9,0	-2,2	-2,2	-2,3	-2,3	-2,2	-2,2	-2,3
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	-12,9	-1,7	-4,8	-3,4	-3,0	-2,6	-1,2	-0,6
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	-6,7	-3,5	-10,2	-7,0	-6,1	-5,5	-2,2	-1,1
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	-0,8	-0,1	-0,3	-0,2	-0,2	-0,2	-0,1	0,0
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	12,5	3,1	3,1	3,2	3,2	3,0	3,3	3,4
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	13,4	3,2	3,4	3,4	3,4	3,2	3,3	3,4

Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2010–2011*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2010–2011*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	2010					2011		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar <i>Quarters</i>				I	II	III
		I	II	III	IV			
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	142,9	36,0	36,0	35,0	35,9	35,0	37,0	41,0
11 Skatttekjur <i>Taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur <i>Taxes on revenue</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun <i>Taxes on payroll</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar <i>Property taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on goods and services</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti <i>Taxes on international trade</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar <i>Other taxes</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	141,7	35,7	35,7	34,7	35,6	34,7	36,7	40,7
14 Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	1,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
2 Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	141,0	34,4	34,1	34,7	37,8	34,7	37,1	39,4
21 Laun <i>Wages</i>	16,3	3,9	4,2	4,1	4,1	4,0	4,3	4,4
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	30,8	7,2	7,7	6,5	9,4	7,8	8,2	7,4
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	0,3	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5,4	1,2	1,3	1,4	1,5	1,3	1,4	1,5
27 Félaglegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	87,9	21,9	20,8	22,5	22,7	21,6	23,2	26,0
28 Önnur útgjöld <i>Other expenditure</i>	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting <i>Net acquisition of nonfinancial assets</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Tekjujöfnuður (1-2) <i>Net lending / borrowing (NLB)</i>	2,0	1,5	1,9	0,3	-1,8	0,3	-0,1	1,6
Tekjujöfnuður % af tekjum <i>NLB % of total revenue</i>	1,4	4,3	5,3	0,9	-5,0	0,8	-0,3	3,8
Tekjujöfnuður % af VLF <i>NLB % of GDP</i>	0,1	0,1	0,1	0,0	-0,1	0,0	0,0	0,1
Heildartekjur % af VLF <i>Total revenue % of GDP</i>	9,3	2,3	2,3	2,3	2,3	2,2	2,3	2,5
Heildargjöld % af VLF <i>Total expenditure % of GDP</i>	9,2	2,2	2,2	2,3	2,5	2,1	2,3	2,4

Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2010–2011

Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2010–2011

Verðlag hvers árs, milljarðar króna	2010				2011		
Billion ISK at current prices	Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q)						
	I	II	III	IV	I	II	III
Peningalegar eignir Financial assets	1.018,8	1.089,5	1.108,4	1.043,9	1.071,2	1.116,2	1.044,8
Sjóður og bankareikningar Currency and deposits	185,8	254,6	271,2	318,4	343,4	442,8	382,0
Lánveitingar Loans	355,6	286,8	281,5	248,0	258,3	204,5	190,6
Hlutfé Shares and other equity	334,6	339,8	340,0	343,6	343,9	343,4	344,1
Viðskiptakröfur Other accounts receivables	142,7	208,3	215,7	133,8	125,7	125,6	128,1
Skuldir Liabilities	1.535,5	1.635,7	1.676,2	1.629,1	1.716,9	1.802,6	1.767,5
Verðbréf Securities	522,8	583,6	630,9	624,0	685,2	715,0	703,9
Lántökur Loans	618,7	661,6	657,4	611,9	639,6	688,9	667,3
Innlend lán Domestic loans	275,0	271,7	279,4	270,8	286,8	277,9	280,0
Erlend lán Foreign loans	343,6	389,9	378,1	341,1	352,7	411,0	387,4
Lífeyrisskuldbindingar Insurance technical reserves	342,5	339,8	339,8	339,8	339,4	345,1	345,1
Viðskiptaskuldir Other accounts payable	51,6	50,7	48,1	53,4	52,7	53,6	51,2
Hrein peningaleg eign Net financial assets	-516,8	-546,1	-567,8	-585,3	-645,6	-686,4	-722,7
Hlutfall af landsframleiðslu Per cent of GDP							
Peningalegar eignir Financial assets	66,3	70,9	72,1	67,9	66,2	68,9	64,5
Sjóður og bankareikningar Currency and deposits	12,1	16,6	17,6	20,7	21,2	27,4	23,6
Lánveitingar Loans	23,1	18,7	18,3	16,1	16,0	12,6	11,8
Hlutfé Shares and other equity	21,8	22,1	22,1	22,4	21,2	21,2	21,3
Viðskiptakröfur Other accounts receivables	9,3	13,6	14,0	8,7	7,8	7,8	7,9
Skuldir Liabilities	99,9	106,4	109,0	106,0	106,0	111,3	109,2
Verðbréf Securities	34,0	38,0	41,0	40,6	42,3	44,2	43,5
Lántökur Loans	40,2	43,0	42,8	39,8	39,5	42,6	41,2
Innlend lán Domestic loans	17,9	17,7	18,2	17,6	17,7	17,2	17,3
Erlend lán Foreign loans	22,4	25,4	24,6	22,2	21,8	25,4	23,9
Lífeyrisskuldbindingar Insurance technical reserves	22,3	22,1	22,1	22,1	21,0	21,3	21,3
Viðskiptaskuldir Other accounts payable	3,4	3,3	3,1	3,5	3,3	3,3	3,2
Hrein peningaleg eign Net financial assets	-33,6	-35,5	-36,9	-38,1	-39,9	-42,4	-44,6

Hagtiðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series **National accounts**

96. árg. • 64. tbl.

ISSN 0019-1078

2011:17

ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series